

Starfsáætlun 2015-2016

Laupur

Inngangur

Laupur er listasmiðja staðsett miðsvæðis í leikskólanum þar sem fram fer listsköpun af ýmsu tagi. Þar er aðstaða til myndsköpunar, textíl- og smíðavinnu auk annarrar skapandi vinnu. Í Laup starfar Jóna Guðlaug Sigurðardóttir myndlistarkona. Þangað koma börn frá öllum deildum leikskólans frá aldrinum 2 – 6 ára. Spóahreiddur og Lóuhreiddur eiga sinn dag í Laup en Þrastahreiddur á fastan tíma á morgnana, þrjá daga vikunnar. Þrjár elstu deildirnar hafa þrjá samfellda daga. Lengd hvorrar stundar fer eftir aldri barnanna. Yngstu börnin, 2-3 ára, eru u.þ.b. 30 mínútur og 4-6 ára í 45 mínútur.

- Mánudagar – Krummahr. Álftahr. og Arnarhr.
- Þriðjudagar - Krummahr. Álftahr. og Arnarhr.
- Miðvikudagar – Krummahr. Álftahr. og Arnarhr.
- Fimmtudagar – Spóahreiddur.
- Föstudagar – Lóuhreiddur.
- Miðvikudagsm-, fimmtudagsm- og föstudagsmorgnar – Þrastahreiddur.

Í Laup er ákveðið flæði í hverri stund, börnin fá að velja sér verkefni eftir áhuga ásamt því að vinna verkefni sem lagt er fyrir þau. Rýminu er skipt upp í mismunandi stöðvar þannig að umhverfið sé áhugavert og hvetji til skapandi vinnu og verður stöðvunum breytt reglulega til að viðhalda áhuga barnanna. Stöðvarnar bjóða upp á hina ýmsu námsþætti eins og stærðfræði, myndsköpun, myndmótun, sjálfbærni og fleira.

Unnið verður út frá hugmyndum barnanna en jafnframt lögð fyrir verkefni sem tengjast árstíðunum og starfi leikskólans hverju sinni. „Ég sjálfur“ er dæmi um þema sem er gegnumgangandi í starfi leikskólans en út frá því má vinna mörg fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Að miklu leyti verður unnið með verðlausan efnivið og jafnframt úr náttúrunni á fjölbreyttan og skapandi hátt bæði inni og úti í nánasta umhverfi. Frá september til nóvember eru jólagjafirnar allar unnar í Laup og auk þess vinna börnin öskudagsskissur og –búninga þar í samstarfi við deildir fyrir öskudaginn.

Hver stund hefst á því að börnin fá sér sæti í glugganum og við skoðum hverjir eru mættir í Laup. Við ræðum saman um verkefnið sem framundan er og leggjum áherslu á að skoða dagskipulagið sjónrænt. Röðum myndum af því sem gert verður í lóðréttu röð á spjald. Ég leitast við að spyrja þau opinna spurninga þannig að hugmyndir þeirra um viðfangsefnið komi fram. Börnin fara svo sjálf í svuntur ef við á og hjálpast að við að festa þær á hvort annað eða með aðstoð kennara.

Þegar börnin hafa lokið vinnu sinni er lögð áherslu á að þau gangi frá eftir sig, þ.e. hengi upp svuntur, þvoi sér um hendur og hjálpi til við annan frágang ef þess þarf.

Í lok tímans er yfirleitt sest í gluggann aftur og börnin fá tækifæri til að tjá sig um verkefni dagsins. Ég skrái einnig hjá mér mætingu barnanna, skrái virkni þeirra og samvinnu. Ef börnin hafa frá einhverju skemmtilegu að segja um verk sín er það skráð niður og einnig við mynd barnsins.

Markmið

Meginmarkmið með starfinu í Laup er að börnin læri á umhverfið og við kynnumst þannig að þeim líði vel, verði örugg og njóti sín. Með sjónrænu skipulagi er verið að efla sjálfsbjargarviðleitni barnanna, hafa efnivið sýnilegan og aðgengilegan þannig að þau geti nálgast hann að mestu leyti sjálf og gengið frá eftir sig.

Börn 2-3 ára:

Á þessu aldursskeiði er krot einkennandi fyrir myndsköpun barna. Í upphafi krotar barnið með stífum handlegg þannig að hreyfingin er í axlarlið, svo verður hreyfingin sundurgreind frá olnboga, úlnliði og fingrum. Upplifun barnsins skiptir mestu máli á þessu stigi og kröfur um einbeitingu og úthald eru litlar.

Markmið að börnin

- Kynnist og læri að þekkja litina
- Kynnist fjölbreyttum aðferðum, efnivið og áhöldum
- Vinni með grófar og fínar hreyfingar
- Læri að ganga frá svuntum eftir notkun

Leiðir að markmiðum:

Börnin vinna verkefni sem hentar þeirra aldri, þau fá að kynnast fjölbreyttum efnivið, fá að nota skynfærin þ.e. skoða, snerta, finna og upplifa. Þau læra að beita áhöldum og fá tækifæri til að samhæfa auga og hönd.

Börn 3-5 ára:

Á þessu aldurskeiði hafa börn náð betri stjórn á hreyfingum sínum og fara að búa til merki, línur og ferninga. Mannsmynd, svokölluð höfuðfætla, verður til og þau gera ýmsar tilraunir. Þau hafa stöðugt betri færni í verkfæranotkun og njóta þess betur að nýta sér þau. Börn á þessum aldri eru hlutlægari en áður, teikna gjarnan út frá eigin reynslu og gefa verkum sínum nafn.

Markmið að börnin:

- Kynnist og læri að þekkja litina
- Kynnist fjölbreyttum aðferðum, efnivið og áhöldum
- Vinni með línur og form
- Læri að segja frá verki sínu
- Vinni saman í litlum hópum
- Læri að ganga frá svuntum og áhöldum eftir notkun

Leiðir að markmiðum:

Börnin vinna fjölbreytt verkefni út frá eigin upplifunum bæði ein og í litlum hópum. Þau fá að kynnast mismunandi aðferðum, efnivið, áferðum og verkfærum og fá að nota skynfærin þ.e. skoða, snerta, finna og upplifa. Börnin eru hvött til að velja sér sjálf efniviðinn sem þau vilja nota í verk sín og fá tækifæri til að segja frá listaverkum sínum.

Börn 5-6 ára:

Börnin sýna aukna færni í að teikna smáatriði á myndir sínar þau klæða t.d. höfuðfætlurnar í föt og eru farin að skapa manneskjur. Oft skapa þau einnig umhverfi í kring. Börnin eru oft með fastmótaðar hugmyndir um hvað þau ætla að skapa og hvaða áhöld og efnivið þau ætla að nota, þau blanda liti og skreyta myndir sínar.

Markmið að börnin:

- Læri á umhverfi sitt og geti verið nokkuð sjálfbjarga
- Læri að þekkja frumlitina og fái tækifæri til að blanda liti
- Vinni fjölbreytt verkefni
- Vinni með línur og form
- Æfi sig í að fylgja einföldum fyrirmælum
- Öðlist færni í að beita áhöldum rétt s.s. skæri, penslum
- Tjái sig um verk sín
- Vinni saman að stærri verkum
- Læri að bera virðingu fyrir efnivið og áhöldum
- Gangi frá eftir sig s.s. svuntum og öðrum áhöldum

Leiðir að markmiðum:

Börnin vinna ýmis verkefni út frá eigin upplifunum bæði ein og í hópum og eru hvött til þess að tjá sig um listaverk sín. Þau fá að kynnast fjölbreyttum efnivið, áferðum og verkfærum og fá að nota skynfærin þ.e. skoða, snerta, finna og upplifa. Verkefni eru af fjölbreyttum toga og krefjast þess að börnin beiti ýmsum ólíkum áhöldum, s.s. skærum, saumnálum, stórum og smáum penslum, leiráhöldum, stimplum og fleira. Þau vinna úti sem inni að sameiginlegum stærri verkum þar sem reynir á samvinnu þeirra í hóp. Börnin fá stundum að velja sér sjálf efniviðinn sem þau vilja nota í verk sín og fær þá sköpunargleðin að njóta sín.

Lokaorð

Markmiðin í Laup eru unnin út frá stefnu og námskrá leikskólans og áherslur í starfinu mótast af hugmyndaflugi kennarans og áhugasviði barnanna. Mikilvægt er að gera upplifun barnanna af myndsköpun ánægjulega og að upplifun þeirra og sköpun skipti meira máli en útkoman sjálf. Með því að skipta rýminu í Laup upp í stöðvar er hægt að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga þannig að allir fái að njóta sín. Með því að leggja verkefni fyrir börnin er ætlunin ekki sú að allir vinni eins heldur fer eftir hverjum og einum hvernig útkoman verður. Ég tel mikilvægt að verk barnanna séu sýnileg og eru verk þeirra hengd upp reglulega á göngum, deildum leikskólans og í galleríinu okkar.